



Reykjavík 19. febrúar 2024

Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um þingskjal 116, tillaga til  
þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga.

Sjúkraliðafélag Íslands (SLFÍ) styður framlagða þingsályktun og telur hana vera framfaraskref. Rödd sjúklinga skiptir máli og væri embætti af þessum toga til bóta.

Heilbrigðisþjónusta og heilbrigðiskerfið er að verða æ flóknara og nyti því almenningur góðs af embætti umboðsmanns sjúklinga. Þá getur verið gagnlegt fyrir stjórnvöld og einstaka heilbrigðisstéttir að geta verið í samráði og samskiptum við sameiginlegan fulltrúa sjúklinga.

Sem fyrr getur Sjúkraliðafélag Íslands mætt á fund velferðarnefndar til að fylgja eftir þessari umsögn sé þess vilji.

**Virðingarfyllst,**

**Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands**